STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 2000

24. febrúar 2000 3 Nr. 4

LÖG

um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta.
b. 7. tölul. orðast svo: landslagsarkitekta (landslagshönnuða) og.

Breyting á lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum.

2. gr.

Í stað orðanna „innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir“ í 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: innanhússarkitektar eða landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

3. gr.

Í stað orðanna „Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir“ í 4. mgr. 49. gr. laganna kemur: Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. febrúar 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

Gutenberg